

AUGLÝSING

um umferð um Hvalfjarðargöng.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum vegamálastjóra hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirtaldar takmarkanir á umferð um Hvalfjarðargöng:

1. að hámarkshraði verði 70 km/klst.;
2. að öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, umferð reiðmanna og rekstur búfjár, verði bönnuð nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra;
3. að takmarkanir á flutningi með hættuleg efni miðist við reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi nr. 1077/2010. Í reglugerðinni, XV. viðauka, er farmur flokkaður með tilliti til flutnings um jarðgöng. Um Hvalfjarðargöng skal eftirfarandi gilda:
„ADR jarðfangaflokkur B“ séu ekki frekari takmarkanir auglýstar. Þetta merkir meðal annars að flutningur á eldfimu gasi í stórum tönkum og sprengiefni yfir 1.000 kg er bannaður.
„ADR jarðgangaflokkur E“
 - Frá kl. 15.00 til kl. 20.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.
 - Frá kl. 10.00 á föstudögum, laugardögum og sunnudögum til kl. 01.00 næstu nótt.
 - Jafnframt eftirfarandi hátíðir sem og daginn fyrir og eftir þær eins og um sunnudaga sé að ræða: páskar, hvítasunna og verslunarmannahelgi.Flokkur E þýðir að flutningur á hættulegum farmi sem fellur undir reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi nr. 1077/2010 er bannaður;
4. að akstur dráttarvéla og vinnuvéla verði bannaður á sömu tímum og ADR flokkur E er í gildi samkvæmt 3. lið.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 22. desember 2017.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.